

frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. maímán.

Nr. 14/1877:

Rjettvísín  
gegn

Margrjetu Guðmundsdóttur.

Dómur.

Með dómi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 23. janúar þ. á. er Margrjet Guðmundsdóttir, ógipt stúlka á Skógtjörn á Álptanesi, sem er ákærð fyrir að hafa fætt barn í dulsmáli og fyrirfarið því eptir fæðinguna, dæmd sýkn af ákærum rjettvísinnar, og ákveðið, að allur málskostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hinnar ákærðu, Páls málaflutningsmanns Melsteðs, 10 kr., borgist úr opinberum sjóði, en þeim dómi er af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hinnar ákærðu og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hún nóttina milli 10. og 11. september f. á. hafi lædzt upp úr rúmi sínu, eptir að fólkið á bænum, sem allt svaf á sama baðstofuloptinu og hún, var sofnað, og án þess að það yrði vart við för hennar, farið út í eldhúsið á bænum og alið þar barn í dul. Fylgjuna skildi hún eptir á eldhúsgólfinu, en ljet barnið, sem eptir skýrslu hjeraðslæknisins hafði fædzt með lífi og fullburða, og með hæfilegleikum til að lifa eptir fæðinguna, út í bæjarforina, þar sem það fannst daginn eptir örent.

Hin ákærða er fædd árið 1849 og fermd árið 1871 með biskups leyfi; síðan hún var á 13. ári, hefur hún verið á Skógtjörn sem ómagi með fullri meðgjöf, með því að henni ekki hefur orðið kennd nein vinna, og það verður að þjóna henni sem barni. Sóknarprestur

hennar hefur vottað, að kunnátta hennar í því litla, sem hún hefur lært í kristilegum fræðum, sje mjög ófullkomin, og skilningurinn því ófullkomnari; að hún muni hafa nokkra en þó óljósa hugmynd um trú og siðgæði, um rjett og rangt, en siðferðistilfinning hennar sje sljó. Í vottorði hjeraðslæknisins segir, að hin ákærða sje að sálargáfum til auðsjáanlega mjög sljó, og hinar siðferðislegu hugmyndir hennar á lágu stigi, en þegar litið sje til, hvornig hún fór að, er hún ól barnið, virðist eigi full ástæða til að álíta, að hún hafi framið verkið í því ástandi, er útiloki «fuld Tilregnelighed»; en þar eð hennar siðferðislegu hugmyndir virðist miður ljósar, sje ástæða til að taka verulegt tillit til þessa, þegar hegningarstigið er ákveðið. Með því að þessi skýrsla hjeraðslæknisins virtist koma í bága við aðra vitnisburði um sálarástand hinnar ákærðu, leitaði undirdómarrinn álits landlæknisins, sem rannsakaði ástand hinnar ákærðu, og síðan ljét það álit sitt í ljósi, að hún sje fáraðlingur, sem ekki viti fótum sínum forráð, og hljóti því að hafa mjög takmarkaða siðferðislega tilfinningu, ef hún annars hafi hana nokkra, en að öðru leyti sje ekki unnt að segja með vissu, hvort þessi hennar «imbecillitas» útiloki alla «Tilregnelighed», nema fyrir þá, sem eptir langa reynslu þekkja hennar sálarástand. Húsmóðir hinnar ákærðu, sem hún hefur verið hjá, síðan hún var á 13. ári, hefur borið, að hin ákærða hafi verið vitfirringur, síðan hún var barn, að hún sje mesti aumingi, og hafi aldrei getað lært neitt til handanna, ekki svo mikið sem að þrjóna ílepp eða þvengja skó, og hafi hún aldrei þekkt neina manneskju eins ófullkomna. Sömuleiðis hefur yfirsetukonan borið, að hún þori að fullyrða, að hin ákærða beri ekkert skynbragð á, hvers konar verk hún hafi unnið eða iðrist neitt eptir það. Prófdómarrinn, sem hefur haldið mörg próf yfir hinni



ákærðu, og leitast við á allar lundir, en árangurslaust, að fá skiljanleg svör hjá henni, önnur en já og nei, hefur loks tekið fram, að hin ákærða ekki virðist bera neitt skynbragð á, að hún hafi unnið glæpaverk, því af svörum hennar og háttalagi fyrir rjettinum sje ekki annað að sjá, en að hún hafi enga meðvitund um, að þetta verk hennar sje hegningarvert, nje heldur unnt að finna á henni, að hún álíti það siðferðislega illt; hvernig sem talað sje við hana um verkið, sje hún köld og tilfinningarlaus og glotti við tönn.

Eftir þeim vitnisburðum, sem þannig eru komnir fram um sálarástand hinnar ákærðu, sjer í lagi vitnisburði húsmóður hennar og yfirsetukonunnar, sem hafa þekkt hana lengst, sem og yfirlýsingu prófdómarans, sem hefur haft nægilegt tækifæri til að fá áreiðanlega hugmynd um sakhæfi hennar, verður yfirdómurinn að fallast á þá skoðun undirdómarans, að verk það, sem hjer er ákæruefni, beri að heimfæra undir 39. gr. hegningarlaganna, og því að álítast vítalaut. Samkvæmt þessu ber að dæma hina ákærðu sýkna af ákærum sóknarans í máli þessu, en að öðru leyti að staðfesta undirrjettardóminn, svo ber og að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 12 kr. handa hvorum þeirra, úr opinberum sjóði.

Meðferð málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Margrjet Guðmundsdóttir á að vera sýkn af ákærum sóknarans í máli þessu; að öðru leyti á dómur undirrjettarins óraskaður að standa. Allur kostnaður af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun hins skipaða sóknara og svara-

manns fyrir yfirdóminum, organista P. Guðjohnsens og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 12 kr. handa hvorum þeirra, borgist úr opinberum sjóði.

Nr. 13/1877:

Rjettvísín

gegn

Jóni Jónssyni, Hjálmari Nielssyni  
og Jóni Guðmundssyni.

Dómur.

Með dómi bæjarfógetans í Reykjavík, upp kveðnum 5. marzmán. þ. á., eru hinir ákærðu Jón Jónsson, Hjálmar Nielsson og Jón Guðmundsson dæmdir fyrir þjófnað, hinn fyrst nefndi í 8 mánaða betrunarhúsvinnu, og til að endurgjalda Magnúsi kaupmanni Jónssyni 14 kr. 75 a., þar af 14 a. in solidum með Jóni Guðmundssyni; Hjálmar Nielsson í 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og til að endurgjalda nefndum kaupmanni 1 kr. 55 a., og Jón Guðmundsson í 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og til að endurgjalda áðurnefnda 14 a. in solidum með Jóni Jónssyni. Svo eru hinir ákærðu og dæmdir til að greiða allan málskostnað, þar á meðal 10 kr. til svaramanns þeirra í hjerði í málsfærslulaun, Jón Jónsson að helmingi, en hinir tveir að fjórðungi hvor. Þessum dómi er af hálfu hins opinbera og að því, er Jón Jónsson snertir, eptir ósk hans, áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum upplýsingum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að Jón Jónsson hafi 5 sinnum í vetur, er leið, farið inn í sölubúð Magnúsar kaupmanns Jónssonar í Bráðræði, tvisvar sinnum einsamall, tvisvar sinnum með meðákærða Hjálmari, og einu sinni með meðákærða Jóni Guðmundssyni. Í þessi skipti stal hann,